



Tilmæli 22/2015

Fyrri númer:
B 303/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00178-21

Endurskoðun á reglum um verðlaun Norðurlandaráðs

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að framkvæma ráðherranefndartillögu um endurskoðun á reglum
um verðlaun Norðurlandaráðs;
að bætt verði inn í handbókina um umhverfisverðlaun
Norðurlandaráðs að umhverfis- og náttúruauðlindanefnd eigi tök á
að koma með tillögur að þema fyrir umhverfisverðlaunin.

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Ráðherranefndartillaga um endurskoðun á reglum um verðlaun

Norðurlandaráðs

1. Tillaga forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að framkvæma ráðherranefndartillögu um endurskoðun á reglum um verðlaun Norðurlandaráðs;

að bætt verði inn í handbókina um umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs að umhverfis- og náttúruauðlindanefnd eigi tök á að koma með tillögur að þema fyrir umhverfisverðlaunin.

2. Forsaga

Norðurlandaráð samþykkti árið 2012 að beina eftirfarandi tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

að samþykktir fyrir bókmennta-, tónlistar-, kvikmynda- og náttúru- og umhverfisverðlaunin verði sameinaðar í eina samþykkt sem gildi um verðlaun á öllum fjórum sviðunum. Nýja samþykktin á að samræma tilnefningartímabilin. Samþykktin skal öðlast gildi þann 1. janúar 2014.

Síðan þá hefur farið fram viðamikil starf við endurskoðun samþykpta um verðlaun Norðurlandaráðs. Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafa unnið þétt saman að verkefninu og óskað eftir að gera verðlaun Norðurlandaráðs skilvirkari og auka gagnsæið. Verðlaunin eru mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi og eru meðal virtustu verðlauna Norðurlanda og njóta mikillar alþjóðlegrar viðurkenningar. Þess vegna er mikilvægt að skilyrðin og umsjón verðlaunanna séu endurskoðuð.

Það er því mjög ánægjulegt að sjá af hve mikilli alvöru Norræna ráðherranefndin hefur tekið á vinnunni með tilmælin og þeim samningafundum sem hafa farið fram. Menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs, umhverfis- og náttúruauðlindanefndin og forsætisnefnd hafa fengið kynningu og komið við sögu í ferlinu og uppbyggilegt samstarf hefur farið fram í aðdraganda þessarar ráðherranefndartillögu.

3. Umsagnir

Menningar- og menntamálanefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd hafa haft ráðherranefndartillöguna til umsagnar á fundunum 9. september 2015.

Báðar nefndirnar studdu endurskoðuðu reglurnar. Í miklum mæli er komið til móts við þau sjónarmið sem nefndirnar höfðu látið í ljósi í þeirri tillögu sem liggur fyrir.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd bendir þó á að þau vilji gjarnan að nefndin eigi tök á að koma með tillögur að þema fyrir umhverfisverðlaunin og leggja því til að það verði fléttað inn í handbókina um umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs. Þetta sjónarmið hefur því verið tekið með í tilmælin.

Norðurlandaráð

Tilmæli 22/2015

Fyrri númer:
B 303/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00178-21

4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefnd er sérstaklega ánægð með þær breytingar sem verðlaun Norðurlandaráðs hafa tekið á liðnum árum. Fram til ársins 2011 þar sem Norðurlandaráð skipaði vinnuhóp til að varpa ljósi á verðlaunin, hafa margar jákvæðar breytingar átt sér stað. Tímabilum fyrir tilnefningar hefur verið breytt, birting nafna á verðlaunahöfum og veiting verðlauna fer fram samtímis, heiðursskjalinu hefur verið skipt út fyrir verðlaunagripinn „Norðurljós“ og samþykktirnar hafa verið endurskoðaðar með tilliti til aukinnar samræmingar verðlaunanna. Allt þetta stuðlar að því að gera verðlaun Norðurlandaráðs nútímalegri og sýnilegri, en þau njóta mikillar alþjóðlegrar athygli. Þess vegna lýsir forsætisnefnd yfir stuðningi við ráðherranefndartillögu B303/præsídiet.

Reykjavík, 27. október 2015

Arto Pirttilahti (cent)

Carl Haglund (sv)

Hans Wallmark (M)

Henrik Dam Kristensen (S)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Juho Eerola (saf)

Marit Nybakk (A)

Michael Tetzschner (H)

Morten Løkkegaard (V)

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Phia Andersson (S)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

Tilmæli 22/2015

Fyrri númer:
B 303/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00178-21